

Eystrahorn

2. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 16. janúar 2020

www.eystrahorn.is

Hvaða þýðingu hefur miðhálandisþjóðgarður fyrir Sunnlendinga?

Margir velta fyrir sér þýðingu miðhálandisþjóðgarðs þessa dagana í tengslum við frumvarp umhverfisráðherra sem byggir á afrakstri vinnuhóps sem unnið hefur með málið um langa stund og skilað af sér. Mig langar að leggja orð í belg og segja hvaða þýðingu það hefur fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð að 56% sveitarfélagsins er innan þjóðgarðsmarka Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í fyrsta lagi þá hef ég engan Hornfirðing hitt ennþá, sem myndi svara því í dag, 11 árum eftir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, að best væri að hætta við að hafa þjóðgarð. Snúa til baka og leggja hann niður. Þeir eru hins vegar margir sem benda á mikilvægi þess að efla Vatnajökulsþjóðgarð enn frekar og renna styrkari stoðum undir starfsemi hans.

Í öðru lagi starfa 40 manns fyrir Vatnajökulsþjóðgarð á suðursvæði hans. Langflestir þeirra eru háskólagengnir einstaklingar, sem sinna landvörslu, fræðslu og stýringu ferðamanna um þjóðgarðinn og náttúruperlur hans. Þannig stendur þjóðgarðurinn undir umsvifamikilli atvinnustarfsemi í heimabyggð eða nærsamfélagi sínu sem er mikilvægur liður í jákvæðri byggðarþróun. Unga fólkid af svæðinu sækir aftur heim að námi loknu í þau störf sem meðal annars þjóðgarðurinn býður.

Í þriðja lagi hefur Vatnajökulsþjóðgarður rennt stoðum undir hefðbundna landnýtingu sem er heimil réttihöfum landsins og þeim sem leyfi sækja. T.d. er hreindýraveiði og fuglaveiði leyfð innan þjóðgarðsins, sem og sauðfjárbætur, sé hún hófleg og hefðbundin. Í gegnum stjórnunar- og verndaráætlun fyrir



þjóðgarðinn fara svæðisráð hvers svæðis með afskipti og stjórnun um hvernig að þessari nýtingu er staðið. Svæðisráðin móta einnig skipulagsáætlanir innan þjóðgarðsins. Svæðisráðin eru fjölskipuð af heimafólki að mjög miklum meirihluta. Sem dæmi skipa 6 aðalmenn og 6 varamenn Svæðisráð suðursvæðis. Af þeim eru 10 sem búa í Austur-Skaftafellssýslu eða Sveitarfélaginu Hornafirði.

Allt tal um að sveitarfélagið missi skipulagsvaldið við að setja svæði undir þjóðgarð er því hreint og klárt bull. Miklu nær er að halda því fram að skipulagið sé nær þeim hagsmunaaðilum sem hafa með þjóðgarðinn að gera. Og í frumvarpi umhverfisráðherra hefur enn verið bætt um betur, því fulltrúar bænda eiga að eiga aðild að svæðisráðum, samkvæmt tillögu frumvarpsins.

Rökin fyrir jákvæðum áhrifum þjóðgarðs í heimabyggð eru mun fleiri, en þessi helstu sem hér hafa verið talin upp. Ég minni á að hugmyndin og frumvarpið um miðhálandisþjóðgarð byggir á sömu hugmyndafræði og Vatnajökulsþjóðgarður. Grasrótin ræður ferðinni og skipulagið er einskonar neðanfrá og upp „bottom up“ skipulag, þar sem vilji og aðkoma heimamanna úr grasrótinni ræður í veigamiklum atriðum.



Sæmundur Helgason, oddviti 3.framboðsins.

Hægt er að nálgast blaðið og allar greinar sem birtast í blaðinu ásamt eldri blöðum á www.eystrahorn.is



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRÍ HORNFIÐINGA



BINGÓ-BINGÓ. GLEÐIGJAFAR

kór eldri Hornfirðinga verða með BINGÓ í Ekru laugardaginn 18. janúar kl. 14:00.

GÓÐIR VINNINGAR. Ekki posi. Allir velkomnir!
Nefndin

ÞORRABLÓT FÉLAGS ELDRÍ HORNFIÐINGA

2020 verður haldið í Sindrabæ föstudaginn

31. janúar Nánar auglýst í næsta Eystrahorni, Facebookinni og í Ekru.

Undirbúningur er kominn á fullan skrið !

Þorrablótnefnd FeH.

TIL SÖLU



HEPPUVEGUR 6, 780 HORNAFJÖRÐUR (SLÁTURHÚSIÐ).

VERÐ 60.000.000 KR.

Um er að ræða 3.355,6m² samstæðu húsa sem öll eru steinsteypt með léttum þökum. Frábær staðsetning fyrir hverskonar starfsemi á Hornafirði. Upplýsingar gefur Jóna Benný Kristjánsdóttir lögmaður og löggiltur fasteignasali í síma 869-8650 og í tölvupósti á jona@trausti.is.



Nánari upplýsingar veitir Jóna Benný í síma 869-8650 eða á jona@trausti.is

Vildaráskrift Eystrahorns

Við viljum hvetja lesendur Eystrahorns að kynna sér vildaráskriftina.

Peir sem vilja styrkja útgáfuna geta greitt frjálst framlag, svokallaða vildaráskrift inn á reikning útgáfunnar. Hægt er að greiða áskriftina t.d. mánaðarlega, nokkra mánuði í einu eða eins og hentar hverjum og einum. Vildaráskriftin er frjálst framlag t.d. 1000 kr. á mánuði.

HLS ehf.

Rnr. 537-26-55002

kt.500210-2490



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófaralestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litaprent

ISSN 1670-4126

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Sunnudaginn 19. janúar

2020 verður farið í jeppaferð að Krossalandi í Lóni. Auðvitað verður gengið um líka, en þarna er sléttlendi og gangan verður því auðveld, erfiðleikastigið er 1 skór.



Við Jökulsá í Lóni er fögur fjallasýn, í góðu skyggni getur litadýrðin verið mikil. Í Jökulsánni er hólmi og hann heitir Krossaland.

Brottför er frá tjaldsvæðinu á Höfn kl.10:00 á sunnudaginn, þátttakendur eru hvattir til að sameinast í bíla.

Þátttökugjaldið er 1.000 krónur fyrir einn, 1.500 fyrir hjón, frítt fyrir 16 ára og yngri.


Sé hundur með í för skal taumur vera meðferðis.

Sjáumst í jeppaferð!

Ferðanefndin


Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



flooré
GóLFHITI

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólflið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) • 200 Kópavogur

Sími 567 1330 • www.hringas.is




Hringas ehf.

FAS og Leikfélag Hornafjarðar setja upp Söguna af bláa hnettinum

Þann 9. janúar síðastliðinn var haldinn kynningarfundur vegna uppsetningar á leikverki hjá FAS á vorönn. Líkt og undanfarin ár vinnur skólinn með Leikfélagi Hornafjarðar að uppsetningunni. Blái hnötturinn eftir Andra Snæ Magnason er viðfangsefnið og leikstjóri er Pröstur Guðbjartsson. Pröstur lauk námi frá Leiklistarskóla Íslands 1978. Hefur hann allar götur síðan starfað sem lausráðinn leikari og leikstjóri við hin ýmsu leikhús og leikhópa, m.a. Borgarleikhúsið, Þjóðleikhúsið, Leikfélag Akureyrar, Leikhús Frú Emilíu og fleiri. En hlutverk hans eru um 50 talsins, auk hlutverka í kvikmyndum, m.a. Sódóma Reykjavík og Agnesi auk hlutverka í sjónvarpsþáttum svo sem Dagvaktinni og Heimsendi.

Í texta um Bláa hnöttinn segir:

„Á bláum hnetti lengst úti í geimnum búa ótal börn sem fullorðnast ekki. Þetta eru eiginlega villibörn því enginn skipar þeim fyrir verkum. Börnin sofna þar sem þau verða þreytt og borða þegar þau eru svöng en leika sér þar sem þeim dettur í hug. Eitt kvöldið þegar Brimir og Hulda eru stödd í Svörtufjöru birtist stjarna á himni sem stefnir beint á þau! Stjarnan lendir í fjörunni með mikilli sprengingu en í reyknum mótar fyrir skuggalegri veru sem starir út í myrkrið. Þá hefst hættulegt ævintýri sem leiðir börnin um myrka skóga, djúpa dali og loftin blá. Reynir þá sem aldrei fyrr á vináttu og ráðsnilld barnanna á bláa hnettinum.“



Pröstur Guðbjartsson

Æfingar hefjast mánudaginn 20. janúar og áætluð frumsýning er í lok mars í Mánagarði. Uppsetningin er hluti af námi á lista- og menningarsviði í FAS og koma allir kennarar sviðsins að henni. Þátttaka í verkefninu er þó einnig opin fyrir aðra eins og verið hefur.



Manstu eftir taupokanum?

ÞOKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland

Jólagetraun Menningarmiðstöðvarinnar



Þann 6. janúar var dregið í jólagetraun Menningarmiðstöðvarinnar. Ernir Stígsson er sá heppni og kom í kjölfarið á bókasafnið og tók við verðlaunum úr hendi bókavardar. Til hamingju Ernir!

LOKAÐ

Lokað verður hjá Medial ehf. og Trausta fasteignasölu ehf. á Hornafirði frá **17. til 30. janúar 2020.**

Ef erindi þola ekki bið má senda póst á jona@medial.is eða á trausti@trausti.is.



TRAUSTI
fasteignasala



MEDIAL

Núvitundarnámskeið á Höfn

Átta vikna námskeið hefst þriðjudaginn 28. janúar kl. 17:00-19:00. Kennar eru hugleiðsluaðferðir til að tileinka sér núvitund í daglegu lífi, vinna með erfiðar tilfinningar og sátt við sjálfan sig og umhverfi sitt.

Nánari uppl. á www.facebook.com/nuvitund.

Skráning og uppl. hjá gunnar@dao.is eða helena@dao.is

Frá opnun ljósmynda- sýningarinnar Tjarnarsýn

Föstudaginn 10. janúar var opnuð glæsileg ljósmyndasýning dr. Lilju Jóhannesdóttur: Tjarnarsýn.

Sýningin er á vegum Náttúrustofu Suðausturlands og er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands og er sýningin á bókasafninu í Nýheimum.

Myndirnar á sýningunni eru teknar samhliða rannsókn Náttúrustofu á fuglalífi í og við tjarnir í sveitarfélaginu og eru allar teknar með flygildi. Einnig var hægt að sjá þau áhöld tól og tæki sem Lilja notar við rannsóknir sínar. Fjöldi gesta leit við og stemning var prýðileg eins sjá má. Sýningin mun standa í nokkrar vikur til og hvetjum við lesendur að kíkja við á bókasafninu og sjá sýninguna en myndirnar eru til sölu fyrir áhugasama.



Lilja ásamt Kristínu Hermannsdóttur, forstöðumanni Náttúrustofu Suðausturlands, og flygildinu sem Lilja notaði við myndatökur



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
viliðan fyrir alla

Leitað eftir stuðningsfjölskyldum

Félagsþjónusta Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir eftir stuðningsfjölskyldum sem boðið geta barni inn á heimili sitt í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu eða styrkja stuðningsnet barns. Um er að ræða úrræði veitt á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks og barnaverndarlaga.

Hæfniskröfur:

- Reynsla, færni og áhugi á starfi með börnum og unglungum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum sem og jákvætt viðhorf til barna og unglinga.
- Umburðarlyndi og vilji til samstarfs við foreldra.
- Hreint sakavottorð.

Umsókn skal fylgja:

- Heilbrigðisvottorð allra heimilismanna, 18 ára og eldri.
- Heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá allra heimilismanna eldri en 15 ára (sérstakt eyðublað).
- Yfirlit yfir starfsferil umsækjanda, menntun og reynslu af starfi með börnum.
- Upplýsingar um önnur leyfi eða samkvæmt barnaverndarlögum og/eða lögum um málefni fatlaðs fólks ef við á.

**Upplýsingar veitir Hildur Ýr Ómarsdóttir, ráðgjafar-
proskapjálfi í síma 470-8085.**



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Höskuldur Björnsson

Skráning á verkum Höskuldar Björnssonar listmálara sem fæddist í Dilksnesi í Nesjum stendur nú yfir. Tilgangurinn er að afla heimilda um öll þau verk sem finnast hér á svæðin og skrá þau. Þessi heimildaöflun er mikilvæg til öðlast Innsýn og yfirlit yfir ævistarf Höskuldar.

Höskuldur er þekktastur fyrir fuglamyndir sínar en málaði einnig landslag og myndir tengdar gamla bændasamfélaginu sem tengjast uppruna hans í íslenski sveit.

Svarssafn biðlar til fólks sem á myndir eftir Höskuld að hringja í síma 470-8050 eða senda tölvupóst á netfangið listasafn@hornafjordur.is, einnig má taka mynd af verkinu, mæla lengd og breidd og senda á netfangið hér að ofan. Ásamt sögu og eigenda verksins.

Við auglýsum eftir öllum tegundum af verkum, einnig skissum og bréfum. Þar að auki höfum við áhuga á ljósmyndum og sögum af lífi og störfum listmálarans.

Með fyrirfram þökk,

Starfsfólk Menningarmiðstöðvar



Menningarmiðstöð Hornafjarðar - Svavarsöðin / Lilla brú 2 / S: 4708057 / www.hornafjordur.is

Þolmörk og sjálfbær ferðaþjónusta

Ferðaþjónustan er ekki sjálfbær sem atvinnugrein en við stefnum að sjálfbærni undir merkjum ábyrgðar ferðaþjónustu. Umhverfisáhrif hennar eru enn neikvæð á of mörgum stöðum, of mörg sveitarfélög og héruð eru ýmist of hart keyrð við að þjónusta ferðamenn eða að mestu afskipt, og loks er fjárhagslegum ávinningi misskipt í samfélögum víða um land. Margt telst ógert áður en markinu er náð og eru nokkur skref í þá átt mörkuð í tíð ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur. Við mat á áhrifum fleiri ferðamanna verður að miða við þolmörk á öllum þremur stigum sjálfbærni: Umhverfismörk, samfélagsmörk og efnahagsmörk. Þau ákvarðast með rannsóknunum og könnunum og breytast í tíma. Telja má almennan vilja í samfélaginu til þess að ein (og fremur óstöðug) atvinnugrein yfirtaki ekki of

mikinn mannafla, fasteignir og rými eða vinnutíma. Líka er almennur vilji til þess að ferðaþjónusta sem auðlindanýting lúti sviðuðum takmörkunum og vísindalegum nálgunum og til dæmis sjávarútvegur. Sérhvert samfélag, og einkum lítið samfélag í stóru landi, verður að viðurkenna að tímaháð vaxtarmörk ferðaþjónustu eru til og verða aðeins skilgreind af hálfu þessa sama samfélags. Um leið er verið að tryggja gæði ferðaþjónustu og sjá til þess að erlendir gestir upplifi land og þjóð á farsælan hátt. Ýmsum aðferðum má beita til að stýra straumi ferðamanna og takmarka aðgengi að stöðum eða landsvæðum. Unnt er að nota auglýsingar og kynningar til að opna aðgengi að vannýttum stöðum og svæðum. Samtímis verður að hvetja þar til uppbyggingar innviða og afþreyingar. Önnur aðferð er að marka ítölu gesta per stund eða dag og stjórna aðgengi við innkomustað.

Enn ein aðferðin er til dæmis að nýta mörkuð bílastæði sem meginleið að stað eða svæði. Loks er hægt að nota gístaðstöðu og innviði vinsælla svæða til að takmarka aðgengi. Í heild verða þolmörk, sjálfbærninnar vegna, til þess að Ísland getur aðeins sinnt tilteknum fjölda ferðamanna árlega, á gefnu tímabili.

Að mínu frumkvæði samþykkti Alþingi í september 2017 beiðni um skýrslu, unna á vegum ráðuneytis ferðamála, um þolmörk og leiðir til aðgangsstýringar. Skýrslan kom út en samhliða var hafin vinna á vegum ráðherra ferðamála við að setja fram sjálfbærnivísa sem eru tilbúnir til notkunar. Enn fremur hefur verið unnið að heildstæðri ferðamálastefnu fyrir tilstilli stjórnvalda, í samvinnu við hagaðila, og áfangastaðaáætlanir á vegum markaðsstofa landshlutanna. Samtímis verður smám saman til rammi um þau opinberu gjöld sem þarf



Ari Trausti Guðmundsson

til að fjármagna hlutverk sveitarfélaga og ríkis í ferðaþjónustunni. Með þessum skrefum vinum við okkur úr óreiðukenndu ástandi sem hófst með ofsahröðum vexti ferðaþjónustu og ofmáttlitlum viðbrögðum samfélagsins. Þar sýnir sig einn ávinningurinn af samstarfi ríkisstjórnarflokkanna undir forystu VG.

Höfundur er þingmaður VG í Suðurkjördæmi



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Menningarverðlaun 2020

Atvinnu og menningarmálanefnd óskar eftir tillögum að verðlaunahafa Menningarverðlauna 2020 fyrir árið 2019.

Verðlaunin eru veitt einstaklingi, stofnun eða samtökum sem viðurkenning fyrir eftirtektarvert framtak á sviði lista og menningar á nýliðnu ári. Hlutverk verðlaunanna er að vera almenn hvatning til eflingar menningar og listastarfs í sveitarfélaginu.

Frestur til tilnefningar er 15. febrúar 2020 og sendist tilnefningin ásamt rökstuðningi á eyrunh@hornafjordur.is

Eyrún Helga Ævarsdóttir
forstöðumaður
Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar



Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Nýheimum / S: 4708050 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Hólfum fyrir lífrænan úrgang skipt út

Á næstu dögum hefst vinna við að skipta út hólfunum undir lífrænan úrgang sem er í almennu tunnunum yfir í sér tunnu.

Ástæðan er athugasemd frá Vinnueftirlitinu við núverandi fyrirkomulag.

Vinsamlegast hafið samband við Einar hjá Ísl. Gámafélaginu í síma 840-5710 fyrir nánari upplýsingar og önnur praktísk atriði.

Með kveðju,
umhverfisfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Hjúkrunarstjóri - Skjólgarður öldrunarheimili

Hlutverk Skjólgarðs er að veita fjölbreytta öldrunar- og sjúkraþjónustu fyrir íbúa sveitarfélagsins. Þar eru í dag rekin 24 hjúkrunarrými, 6 dvalarrými og 7 dagdvalarrými með opinni dagþjónustu eldri borgara. Á hjúkrunardeild eru 4 sjúkrarymi þar sem tekið er á móti skjólstaðingum sökum veikinda, endurhæfingar eða af öðrum heilbrigðisástæðum.

Öldrunarheimilið Skjólgarður er hluti af Heilbrigðisstofnun Suðurlands Hornafirði og rekin samkvæmt þjónustusamningi af Sveitarfélaginu Hornafirði. Á Skjólgarði eru samtals 26 stöðugildi.

Helstu verkefni

- Ber ábyrgð á hjúkrun, ráðgjöf og þjónustu á hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalardeild
- Ábyrgð á faglegri framkvæmd þjónustu í samræmi við gæðavísa heilbrigðisráðuneytis og Landlæknisembættis um heilbrigðisþjónustu
- Ber ábyrgð á að rekstur sé í samræmi við rekstraráætlanir
- Ber ábyrgð á starfsmannamálum og starfar í samræmi við mannauðsstefnu sveitarfélagsins
- Þátttaka í stefnumótun og eftirfylgd stefnu

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu. Umsóknir skulu sendar á netfangið gudrundadda@hornafjordur.is. Kjör fara eftir kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Launanevndar sveitarfélaga. Aðilar af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið.

Hæfniskröfur

- Fullgilt hjúkrunarpróf og íslenskt starfsleyfi
- Reynsla af stjórnun með mannaforráð
- Reynsla af þátttöku í gerð fjárhags- og launaáætlana kostur
- Reynsla af uppbyggingu hjúkrunarstarfsemi og/eða endurskipulagningu slíkrar starfsemi kostur
- Þekking á Eden-hugmyndafræðinni eða sambærilegri stefnu æskileg
- Þekking á RAI-mælitækinu kostur
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð yfirsýn og skipulagshæfni
- Geta til þess að starfa undir álagi

Nánari upplýsingar um starfið veitir:

Guðrún Dadda Ásmundardóttir, framkvæmdastjóri -
gudrundadda@hornafjordur.is - 4708616/8488828.

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2020.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

ÞORRABLÓT HAFNAR 2020

ÍÞRÓTTAHÚSINU HÖFN · LAUGARDAGINN 25. JANÚAR

**BANDMENN LEIKA
FYRIR DANSI**

HÚSIÐ OPNAR 19:30 · BORÐHALD HEFST 20:30

MIÐAVERÐ 9000 KR · MIÐASALA Í ÍÞRÓTTAHÚSINU FIMMTUDAGINN 23. JANÚAR KL. 17:10-18:00
EKKI TEKIÐ VIÐ GREIÐSLUKORTUM · MIÐAVERÐ Á DANSLEIK 3500 KR
18 ÁRA ALDURSTAKMARK